	Hafnarfjarðarbær
Innk:	12.12.2017
Málsnr:	1706036
Bréfal:	521.1

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 12. Desember 2017.


Efni: Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurgötu 36.

Aðkeyrslan að húsinu og bílskúrnum mínum, þar sem m.a. rafmagnsbíllinn minn er hlaðinn, er um Mjósundið milli Austurgötu 36 og 38. Það þarf að vera alveg tryggt að fyrirhugaðar framkvæmdir hindri á engan hátt aðkeyrsluna að bílskúrnum og bílastæðinu sem eru inn á minni lóð.

Ég vil benda á að húsið í Mjósundi 3 er friðað og kjallarinn er hlaðinn úr grjóti án styrkinga. Það verður að teljast ólíklegt að hægt verði að stækka og dýpka grunninn í Austurgötu 36 án þess að valda tjóni á minni eign.

Einnig mælist ég til þess að beðið verði með frekari ákvarðanir varðandi framtíð hússins, í Austurgötu 36, þar til málaferli núverandi eiganda við fyrri eigendur verða til lykta leidd.

Virðingarfyllt


Tryggvi Þór Svansson

Mjósundi 3
220 Hafnarfirði